

Sjóðirnir skoða leigumarkaðinn

● Landssamtök lífeyrissjóða kanna fýsileika þess að byggja og reka leiguíbúðir ● Húsnæðið yrði fyrir alla aldurshópa, þar með talið aldraða ● Niðurstaða fýsileikakönnunar kann að liggja fyrir síðar á árinu

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

„Það er hugsanlegt en það ræðst þá allt af því að sjóðirnir séu að fá eðlilega og sanngjarna ávöxtun. Við þurfum að ávaxta eignir sjóðanna m.a. með tilliti til annarra fjárfestingakosta sem bjóðast,“ segir Gunnar Baldvinsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, aðspurður hvort til greina komi að sjóðirnir fjárfesti á næstu árum í leiguhúsnæði, m.a. fyrir aldraða.

„Á vettvangi lífeyrissjóðanna er í athugun að byggja og reka leiguíbúðir. Þetta er enn sem komið er á könnunarstigi,“ segir Gunnar og bætir því aðspurður við að niðurstaða slíkrar

athugunar gæti legið fyrir síðar á þessu ári. „Við teljum það vera skyldu okkar að skoða þennan fjárfestingarkost eins og við skoðum aðra kosti sem lífeyrissjóðum bjóðast.“

Spyr hvort ekki sé rétt að nýta heimild

Tílefnið er auglýsing Helga Vilhjálmssonar, sem er gjarnan kenndur við Góu, í Morgunblaðinu í gær þar sem hann rifjar upp að 17. september 2011 hafi lögum um lífeyrissjóði verið breytt og þeim gefið leyfi til að fjárfesta í og reka leiguhúsnæði fyrir aldraða.

Spyr Helgi hvort ekki sé kominn tími til að nýta þessa lagaheimild í þágu aldraðra.

Málefni aldraðra hafa verið til umræðu að



„Á vettvangi lífeyrissjóðanna er í athugun að byggja og reka leiguíbúðir.“

Gunnar Baldvinsson

undanförnu og hefur m.a. komið fram að reisa þarf mörg hjúkrunarheimili á næstu árum. Spurður hvort lífeyrissjóðirnir hafi áhuga á að koma að slíkum verkefnum rifjar Gunnar upp að sjóðirnir hafa komið að fjármögnun íbúðarhúsnæðis, m.a. fyrir aldraða.

„Við höfum fjármagnað slíkar byggingar

beint með því að lána til byggingar þjónustuíbúða fyrir aldraða, til dæmis í Mörkinni í Reykjavík, og óbeint með því að fjármagna Íbúðalánasjóð og með lánunum til sveitarfélaga.“

Eignir frátekna fyrir lífeyri framtíðar

Gunnar vísar svo að hlutverki sjóðanna.

„Hlutverk lífeyrissjóða er að greiða lífeyri, ekki að reka hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Við skulum ekki gleyma því að eignir lífeyrissjóðanna eru frátekna til að greiða sjóðfélögum lífeyri í framtíðinni. Við getum hins vegar fjármagnað byggingu á dvalarheimilum ef lífeyrissjóðir fá ásættanleg kjör og við höfum gert það,“ segir Gunnar.

